

## Samantekt gagna um rannsóknarstarf við Kvikmyndaskóla Íslands apríl 2021

### Úr reglum skólans 2020-2021

#### 2.9 AKADEMÍSKIR STARFSMENN SKÓLANS

...

Við skólann starfar rannsóknarráð. Hlutverk þess er skipulag, ráðgjöf og tillögugerð vegna akademískra rannsókna við Kvikmyndaskóla Íslands. Ráðið skal skipað þremur doktorum. Tveimur sem tengjast sjónrænum miðlum og einum doktor í heimspeki. Fjórði fulltrúinn er frá skólanum og ber hann ábyrgð á skráningu upplýsinga. Verksvið ráðsins er tvískipt. Annars vegar er það ráðgjöf við akademíska starfsmenn vegna rannsóknarvinnu þeirra. Hins vegar er það ráðgjöf og eftirlit vegna starfsemi rannsóknarstofu skólans. Nánar er fjallað um starfsemi rannsóknarráðs og rannsóknarstofu í sérreglum. Kvikmyndaskóli Íslands virðir fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.

#### **Reglur um Rannsóknarráð Kvikmyndaskóla Íslands**

##### 1. gr. Hlutverk

Hlutverk rannsóknarráðs er skipulag, ráðgjöf, tillögugerð og mat vegna akademískra rannsókna við Kvikmyndaskóla Íslands.

##### 2. gr. Skipun ráðs

Ráðið skal skipað þremur doktorum utan skólans. Tveimur sem tengjast sjónrænum miðlum og einum dr í heimspeki. Fjórði fulltrúinn er frá skólanum og ber hann ábyrgð á skráningu upplýsinga. Stjórn skipar fulltrúa í rannsóknarráð eftir tilnefningum eða umsóknum sem berast.

Skipað er í ráðið til fimm ára í senn. Að þeim tíma loknum skal skipunartíma lokið. Ráðsmenn og stjórn geta komist að samkomulagi um 1 – 2 ár til viðbótar í setu, til að halda samfellu meðan nýir ráðsmenn eru fundnir og skipaðir.

Hér er um laust skipunarsamband að ræða, þannig að hvor um sig getur rift því með skömmum eða löngum fyrirvara á skipunartíma. Komi til slíks skal reynt að láta það hafa sem minnst áhrif á umbjóðendur sem eru akademískir starfsmenn og framkvæmdaaðilar rannsókna.

##### 3. gr. Verkefni Rannsóknarráðs

Verkefni rannsóknarráðs er fyrst og fremst fólgið í ráðgjöf og eftirliti.

- a. Ráðgjöf við stjórnendur skólans um tilhögun og stefnumótun rannsóknarstarfs
- b. Ráðgjöf við akademíska starfsmenn vegna rannsókna og fræðistarfa þeirra.
- c. Ráðgjöf og eftirlit vegna starfsemi rannsóknarstofu skólans
- d. Árlegt mat á árangri rannsóknarstarfi og skil á stuttri skýrslu

Ráðið heldur að lágmarki 2 fundi á ári og fer þá yfir stöðu verkefna.

Taki rannsóknarráðsmeðlimur að sér störf við rannsóknir, sem eru umfram almenna ráðgjöf, svo sem með beinni ritstjórn, þá skal samið um það sérstaklega.

4. gr. Stjórnsýsluleg staða Rannsóknarráðs  
Rannsóknarráð heyrir beint undir stjórn skólans.

Fyrir fulltrúa utan skólans er greidd árleg þóknun fyrir setu í Rannsóknarráði Kvikmyndaskóla Íslands og miðar hún við tvo fundi á ári og hóflega lágmarks undirbúningsvinnu fyrir þá. Jafnframt einhver tölvupóstsvinna milli funda. Komi til þess að meðlimir taki að sér stærri verkefni tengd ráðinu eru greidd fyrir þau tímalaun, sambærileg við þau sem stundakennarar skólans hafa hverju sinni.

Samþykkt af stjórn KVÍ desember 2020

## **Nón 2020. Áhugakönnun meðal umsækjenda um rannsóknarefni.**

**Nefnið þrjár fræðirannsóknir sem ykkur langar til að gera!**

Kjartan Kjartansson sérsvið hljóð

1. Safna hljóðum úr íslenskum veruleika hvaðanæva af landinu og mynda þannig hljóðabanka sem hægt væri að nýta í kvikmyndum (og jafnvel leikhúsum).

Þessi hljóð væru bæði löng og ætluð í bakgrunn atriða (umhverfishljóð: „Atmospheres“ eða Ambiences á ensku og oftast kallað atmosar á íslensku) og stutt hljóð líkt og þegar dyrum er lokað, fótatak eða skóflu stungið í mold og svo framvegis (Áhrifahljóð: „Sound Effects eða FX og oftast kallað effektar á íslensku).

2. Vinna með tónlistarfólki þar sem unnið er með hljóðfæri eða almenna hljóðgjafa til að skapa óræðar stemningar fyrir dramatískt efni.

Og þannig rannsakað hvernig megi mynda hljóðheim tónlistar án þess að binda sig við skýra tónlistarlega framvindu en hvatinn sé að mynduð skuli óræð hljóðmynd sem vekur upp tilfinningar sem erfitt er að skýra með orðum.

3. Vinna með atvinnuleikurum þar sem unnið er með mismunandi raddbeitingu og rannsaka hvernig niðurstöður koma út í kvikmyndahúsi.

Hljóðeftirvinna raddæfingarnar og klæða þær þannig í kvikmyndabúning og rannsaka hvernig hægt er að vinna með blæbrigði talaðs íslensks máls.

Hérna þyrfti að vinna með alvöru efni sem ætlað er fyrir leikhús eða kvikmyndir og vinna með efnið eins og gert er við tölur á kvikmyndum.

4. Rannsaka hversu mikil áhrif það hefur á skilning áhorfenda að hlusta á talað mál í íslensku kvikmyndaefni í flatskjám annars vegar og hins vegar þegar búið er að tengja frekar einfalda hátalara sem snúa að áhorfendum.

Birta niðurstöður fyrir almenning svo að hægt sé að upplýsa um nauðsyn þess að hlustað sé í gegnum lágmarks hljóðbúnað.

## „Veistu hvar þú myndir birta ritaðar niðurstöður rannsókna“?

Eina sem ég þekki fyrir slíkt eru erlend tímarit sem fjalla bæði um tæknileg atriði og birta hugmyndafræðilegar pælingar.

Það er ekki mikil umræða til á Íslandi í ritum um dramatísk hljóð.

Þær rituðu upplýsingarnar sem ég hef lesið eða heyrt af, eru um verkfræðilega þætti við hönnun rýma til þess að hægt sé að bæta hljóðeinangrun þeirra eða jafnvel hljóðvist þeirra.

En sá þáttur sem snýr að hljóðvist er oft frekar einfaldaður og sjaldgæfur.

Það hafa verið ritaðar menntaðar greinargerðir sérpantaðar vegna byggingu húsa eins og Hörpu eða Hofs og fleiri slíkra húsa en þetta eru ekki opinberir pappírar þer se.

Ég hef þó auðvitað ekki fylgst með öllu slíku en þegar ég hef borið mig eftir því í Háskóla Íslands þá hefur mér verið bent á verkfræðilega pappíra eins og ég lýsi hér að ofan.

(Kjartan Kjartansson 8. nóv 2020)

Rúnar Guðbrandsson sérsvið leiklist

### Nefnið þrjár fræðirannsóknir sem ykkur langar til að gera!

1) Einkum hefði ég áhuga á að skoða möguleika á notkun ýmissa leiktæknilegra þjálfunarkerfa (*Lab-tækni, Grotowski's Corporals og Plastiques, Bio Mechanics Meyerholds* og jafnvel *Suzuki* þjálfun) sem hingað til hafa einkum verið álitin henta tjárikum stílfærðum sviðsleik í tengslum við kvikmyndaðan leik fyrir Green screen (Blue screen) og þá ekki síst í sambandi við tölvuleikjagerð með leikurum.

Öllu fræðilegri rannsóknarverkefni og stærri í sniðum sem ég hef sinnt í hjáverkum gegnum tíðina og hef hug á að þróa enn frekar eru einkum tvö.

2) Annað lýtur að tungumáli sviðslistanna (*terminologiu*) og ber vinnuheitið *Hugtök og heiti*. Uppruna þessa verkefnis má rekja til rannsókna sem ég gerði í tengslum við doktorsverkefni mitt í Englandi. En þá vann ég ítarlega lista yfir rússnesk fagorð úr fræðum *Stanislavskys* og bar saman ólíkar þýðingar á ensku yfir þessi heiti (Benedetti, Charnicke, Hapgood, Magarshack, Robbins o.fl..) með það fyrir augum að skerpa skilning minn á fræðilegri og faglegri merkingu þessara hugtaka, samræma orðanotkun og gera hana nákvæmari. Einnig studdist ég við doktorsritgerð Annelis Kuhlman, *Stanislavskijs begreber* sem hún varði við Árósháskóla 1997.

Þegar ég hóf störf við L.H.Í. um aldamótin síðustu fór ég síðan að glíma við að finna viðunandi íslensk orð yfir þessi hugtök og heiti, en þar var ekki um auðugan garð að gresja. Mikillar nákvæmni gætir í orðanotkun þegar kemur að tungumáli sviðslistanna á íslensku og ég hófst handa við að útbúa orðalista og hugtakaskrár úr erlendum fræðiritum og leitast við að íslenska þau. Ekki þó eingöngu til að finna þeim hið “réttu” íslenska orð heldur miklu fremur til að skilgreina þau og útskýra af nákvæmni, á einfaldan og auðskilinn hátt á íslensku. Þetta er umfangsmikið og metnaðarfullt verkefni og hefur legið í láginni um nokkra hríð, en ég hef stefnt að því að taka upp þráðinn um leið og tækifæri gefst.

Niðurstöður rannsóknarinnar yrðu birtar á bók; *Hugtök og heiti í sviðslistum* (vinnuheiti), uppsláttarriti þar sem helstu hugtök leiktækni og leiktúlkunar væru skilgreind, hugtök sem snerta aðferðafræði, hugmyndafræði, fagurfræði og jafnvel bókmenntafræði.

3) Hitt verkefnið lýtur að skráningu og greiningu þeirra kennslu- og þjálfunaraðferða sem ég hef beitt og þróað gegnum tíðina, útskýra æfingar og verkefni, setja þau í sögulegt og fræðilegt samhengi og sýna fram á samhengi hlutanna m.a. með aðferðum sem þróaðar hafa verið innan *I.S.T.A. (International School of Theatre Anthropology)* og varða hin síendurteknu lögmál (*the recurrent principles*).

Hilmar Oddsson sérsvið leikstjórn

### **Nefnið þrjár fræðirannsóknir sem ykkur langar til að gera!**

1. Gildi spuna á handrits- og æfingastigi. Getur spunavinna með leikurum skapað dýpri og trúverðugri samtöl og þannig nýst bæði handritshöfundi og leikstjóra?
2. Myndmál – merking, innihald, tákni. Eru íslenskir kvikmyndahöfundar meðvitaðir um innihald og boðskap mynda sinna (ramma og sviðsetningu einstakra atriða). Hvernig sjáum við heiminn og hverju viljum við miðla til áhorfandans?
3. Stíll og áferð andspænis innihaldi. Hvernig hefur innihald og boðskapur (erindi) áhrif á frásagnarstíl og fagurfræði verka okkar? Hvernig endurspeglar tæknin innihald?
4. Hið sagða andspænis hinu ósagða. Hvenær tekur myndmálið við af orðinu? Hvert er samband orða og mynda?

(7. nóv 2020)

### **„Veistu hvar þú myndir birta ritaðar niðurstöður rannsókna“?**

til að svara "aukaspurningunni" þá tel ég reyndar að standa megi fyrir rannsóknum með ýmsum hætti, en það fyrsta sem kemur upp í hugann er eftirfarandi:

Hugmynd 1:

Hér þyrfti að framkvæma, búa til vinnuferli með handritshöfundi og leikurum, þ.e. búa til aðstæður og ferli sem ætlað væri að kalla fram niðurstöðu. Niðurstöðuna má svo kynna í rituðu máli.

Hugmynd 2:

Hér þyrfti að vinna fremur dæmigerða rannsóknarvinnu, skoða (rannsaka) íslenskar myndir (eins margar og aðstæður leyfðu) og síðan gera grein fyrir niðurstöðum í rituðu máli.

Hugmynd 3:

Hér þyrfti einnig að skoða sérvaldar kvikmyndir og draga ályktanir af þeim dæmum, en best væri að hanna ákveðin tilraunadæmi og beita mismunandi aðferðum og tækni við upptökur og eftirvinnslu þeirra. Niðurstöður má fjalla um í rituðu máli, en best væri að birta niðurstöður í myndrænu formi.

Hugmynd 4:

Einnig hér á við blanda af rannsókn á kvikmyndarfinum og upptaka á sérhönnuðum tilraunadæmum. Niðurstöðuna væri best að birta bæði myndrænt sem og í rituðu máli.

Mér vitanlega er ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar ritrýnd tímarit um listsköpun, hvað þá kvikmyndir, en mér sýnist í fljótu bragði að Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar sé líklegast vænlegasti vettvangurinn. Hvað varðar myndrænar niðurstöður eru möguleikarnir efalaust fleiri, einkum innan háskóla- og menntasamfélagsins.

(8. nóv '20)

Pórey Sigþórsdóttir

## **Nefnið þrjár fræðirannsóknir sem ykkur langar til að gera!**

leikstjóri - rödd leikarans

hvernig það nýtist í leikstjórn að þekkja aðferðir raddþjálfunar

leikari-rödd.

eins hvernig persónusköpun getur átt sér stað í gegnum röddina

(líkamshljóð versus texti)

rannsaka hljóð-túlkun

(7. nóv '20)

### **(Sjálfsmatsskýrsla nóvember 2020)**

#### **4.6 Greining á rannsóknarstarfi og umgjörð þeirra. Matsteymi, matsþættir: Bjarki, Sigurjón Baldur Matsspurningar: Hvernig náum við árangri í rannsóknarstarfi KVÍ Viðmið: Bestu rannsóknarskólar akademíunnar**

##### **Hvernig náum við árangri í rannsóknarstarfi KVÍ**

Með þeirri ákvörðun að færa Kvikmyndaskólann upp á háskólastig þá færðist sú skylda á skólann að stofna akademíu og stunda rannsóknir. Strax var ákveðið að þetta yrði gert af fullri alvöru, ekki eingöngu til að uppfylla skilyrði reglugerða, heldur til að nýta sér þá krafta sem búa í háskólasamfélaginu til þess að gera Kvikmyndaskóla Íslands að enn öflugri skólafun.

Kvikmyndaskólinn nýtur góðs af því, að á þeim 29 árum sem hann hefur verið til, þá hefur verið mikil þróun á listaháskólastiginu á heimsvísu, ekki hvað síst í Skandinavíu. Hér á Íslandi var svo settur á stofn listaháskóli um aldamótin. Ýmislegt hefur mátt af þessu læra og í skipulagi rannsóknarstarfs KVÍ er reynt að bæta kerfin, m.a. með því að gera strangari kröfur en tíðkast hafa. Eftirfarandi atriði má nefna sem Kvikmyndaskólinn hyggst gera í skipulagi sínu svo árangur náist:

a. Í reglum um mat á hæfi akademískra starfsmanna KVÍ eru kröfur um rannsóknir töluverðar og mjög afgerandi þegar prófessorahæfi er metið. Þannig eru gerðar skýrar kröfur til prófessora skólans að þeir séu virkir í faglegri umræðu og raunverulega tilbúnir til fræðistarfa. Með þessum hætti er tryggt að þeir akademísku starfsmenn sem ráðnir eru til fræðistarfa hafi til þess ríkan metnað, reynslu og getu.

b. Ströng skilyrði eru fyrir því að fá listverk metin sem rannsókn. Almennt er sú regla skýr að rannsókn er rannsókn sem lýtur vísindalegri aðferðafræði, og lisköpun er listsköpun og lýtur listagyðjunni. Skörun þarna á milli getur orðið óvart, en í upplaggi eru skýr skil á milli. Með þessu eru klárar kröfur til akademískra starfsmanna að þeir stundi rannsóknir ráði þeir sig til starfa. Þeir gera sér grein fyrir að í rannsóknunum eru önnur viðmið og annar vettvangur en í listsköpuninni.

c. Skólinn sem listaháskóli þarf að sækja ráðgjöf, kennslu og stuðning frá öllum mögulegum vísindaakademíum (sjá 4.4 greining akademíu). Á sama tíma þarf skólinn og vísindamenn hans að vinna af fullu sjálfstrausti að rannsóknum sínum út frá eigin þekkingu reynslu og viti.

d. Skýr fjármögnun þarf að vera á rannsóknarstarfi og bein úthlutun fjármuna til rannsóknaraðila skal fara eftir gagnsæum reglum.

Undirbúningur og framkvæmd þessara stefnu hafa verið í 5 verkliðum, sem hafa skarast margvíslega.

1. Móta þurfti almenna (grundvallar) háskólastefnu og tryggja rekstrarhæfi skólans til framtíðar.

(Tilvísun í rekstrarkaflann.

2. Vinna þurfti dómnefndarreglur vegna ráðninga sem féllu að stefnu um rannsóknarstarf. (tilvísun?)

3. Ráða þurfti hæfa dómnefnd, 4 doktora og sérfræðinga. til ráðninga. Stilla þurfti saman strengi um uppbyggingu akademíu og markmið. Ásamt samhæfingu á mati á væntanlegum rannsóknaraðilum.

(sjá fylgiskjal um meðlimi dómnefndar)

4. Undirbúa þurfti starfsfólk undir rannsóknarskyldur háskólavinnu. Kveikja áhuga á rannsóknarvinnu og fræðastörfum.

5. Stofna þurfti rannsóknarráð, ráða þrjá hæfa utanaðkomandi doktora til starfa. Setja regluverk og samhæfa vinnubrögð og markmið. (sjá fylgiskjal um meðlimi rannsóknarráðs og um reglur rannsóknarráðs)

6. Lagðar hafa verið fram fyrstu tillögur að rannsóknum hjá fyrstu 4 rannsóknaraðilunum. (sjá fylgiskjal um tillögur) Rannsóknarráð hefur þegar hafið störf og vinna við rannsóknir mun hefjast í janúar.

Með því að móta skýrar starfsreglur, leiða saman stóran fjölbreyttan hóp mjög hæfileikaríks háskólafólks, skapa sameiginlega sýn um mikilvægi þess að stunda rannsóknir í kvikmyndagerð og leiklist, þá ætlar skólinn að tryggja árangur í rannsóknarstarfi sínu.

### **Viðmið: Bestu rannsóknarskólar akademíunnar**

Vísindamenn Kvikmyndaskóla Íslands hafa reynslu af því að starfa eftir alþjóðlegum viðmiðum og því er eðlilegt að setja það besta sem fyrirmynd. Án efa mun koma frá skólanum margt gott. Gæði rannsóknarstarfs eru hins vegar metin eins og skólastarf, sem samfellunni. Það er stöðug gæði yfir ákveðið tímabil. Gefa verður hinni nýju akademíu og rannsóknarstofunni amk fimm ár, áður en hægt er að bera hana saman við aðra.

### **Niðurstaða**

Kvikmyndaskólinn hefur komið skipulagi á rannsóknarstarfið og er tilbúinn að hefjast handa.